

Sp.

444. Nefndarálit

[35. mál]

um till. til þál. um kaup og sölu á fasteignum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og borist umsagnir Húsnaðismálastofnunar og Verslunarráðs Íslands um það.

Taldi nefndin að þrjár fyrstu málsgr. tillögunnar næðu þeim tilgangi sem að er stefnt, en meginefnið er að lög um fasteignasölu, nr. 47/1938, verði endurskoðuð til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum og kveða nánar á en nú er um skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, auk þess sem tryggari ákvæði verði sett um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Nefndin taldi ekki ástæðu nú til að taka frekari afstöðu til endurskoðunarinnar og mælir því með að þrjár fyrstu málsgr. verði samþykktar en úr tillögugreininni falli töluliðir 1—7.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþ. með svofelldri

B R E Y T I N G U :

4. málsgr. tillögugreinarinnar falli brott.

Alþingi, 7. maí 1980.

Páll Pétursson,
form.

Jóhanna Sigurðardóttir,
frsm., fundaskr.

Halldór Blöndal.

Guðm. G. Þórarinsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Helgi Seljan.

Steinþór Gestsson.